



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 24. september 2025
USK25090297

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir gerð strætóstöðvar og göngupverunar við gatnamót Bústaðvegar og Efstaleitis, í samræmi við meðfylgjandi forhönnunarteikningu.

Greinargerð:

Verkið felst í gerð nýrrar strætóstöðvar og göngupverunar á Bústaðavegi vestan Efstaleitis. Samhliða er lagt til að gera smávægilegar breytingar sem miða að því að gera hlykk á Bústaðavegi í gatnamótunum minni og umhverfið þannig einnig læsilegra fyrir bílstjóra.

Í dag ekur leið 18 um Bústaðavegin og eru stöðvar með nokkuð jöfnu millibili í átt til vesturs. Á leið til austurs hefur hins vegar skort strætóstöð á þeim stað sem um ræðir og hefur þar af leiðandi verið ákall eftir henni. Næstu stöðvar sem þjónustaðar eru af umræddri leið er annars vegar í um 650 m fjarlægð við undirgöng hjá Veðurstofu Íslands og hins vegar í um 400 m fjarlægð við Landspítala Fossvogi.

Framkvæmdin er einnig hluti að aðlögun að Nýju Leiðaneti Strætó, en þar er gert ráð fyrir að leið J, stofnleið sem þó ekki er Borgarlínuleið, aki milli miðborgar og Úlfarsárdals um m.a. Bústaðveg. Strætóstöðin mun nýtast þeirri leið og hefur verið gert ráð fyrir henni við gerð Nýs Leiðanets. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um útfærslu Borgarlínuleiðar D um Kringlumýrarbraut, en mögulegt er að borgarlínustöð verði við Bústaðaveg sem gæti tengst þeirri stöð sem lagt er til að útbúa í þessari tillögu.


Samhliða gerð strætóstöðvar er lagt til að útbúin verði göngupverun yfir Bústaðaveg sem væri hluti af ljósastryðum gatnamótum við Efstaleiti. Sem hluti af þeirri framkvæmd er breikkun miðeyju í 3 m svo gangandi og hjólandi vegfarendur geti beðið þar, nái þau ekki yfir ljósin. Þá er ennfremur lagt til að framkvæmdin sé nýtt til að lagfæra hlykk sem er á akreinum Bústaðvegar í gatnamótunum þannig að umhverfið verði læsilegra fyrir bílstjóra.

Stofnæð hitaveitu liggur í stokk undir núverandi göngustíg sunnan megin við Bústaðaveg. Sökum nálægðar við stofnlögnina og hæðamismun á svæðinu er mögulegt að hanna þurfi stoðvegg við strætóstöðina.



Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Teikning af forhönnun svæðisins



Reykjavík